

Samstarf leik- og grunnskóla í Grindavík

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Í skólustefnu Grindavíkur (útg. 2013) er fjallað um samstarf milli skólastiga. Þar segir í kaflanum um samvinnu og tengsl milli skóla: *“Öflugt samstarf ríki milli skóla í sveitarfélaginu og þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna.”* Leiðir að markmiði: *“tryggja samvinnu og upplýsingaflæði leik-, grunn- og tónlistarskóla sem byggir á forsendum allra skólanna.”* „Auka samstarf um fagleg málefni og endur- og símenntun.“

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 90/2008 er kveðið á um tengsl leikskóla og grunnskóla. Í lögum um leikskóla 16. gr. segir m.a.: *“Sveitarstjórn skal koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.* Í lögum um grunnskóla 5. gr. segir m.a.: *“Sveitastjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla.*

Í aðalnámskrá leikskóla kafla 12 segir m.a.: *“Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.”*

Í aðalnámskrá grunnskóla kafla 15.1. segir m.a.: *“Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla, verður því þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.”*

Formlegt samstarf leikskóla og grunnskóla í Grindavík hófst 1995 og hefur síðan verið í stöðugri þróun. Nú eru starfandi tveir leikskólar í Grindavík og einn grunnskóli með tvær starfsstöðvar. Síðustu ár hefur samstarfið tekið mið af þessu skólasamfélagi.

Ábyrgð á því að samstarf milli leik- og grunnskóla eigi sér stað samkvæmt þessum hluta skólanámskrár er í höndum deildarstjóra yngsta stigs grunnskóla, verkefnastjóra elstu árganga leikskólabarna og fulltrúa skólaskrifstofu.

Markmið samstarfsins er:

- að efla tengsl og samvinnu milli leik- og grunnskóla.
- að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi.
- að auka samstarf um fagleg málefni.

Skipulag samstarfsins:

Heimsóknir

Leikjadagar. Einn dagur að vori og einn að hausti. Þessir dagar eru skipulagðir þannig að hóparnir hittast á skólalóðinni, lóð leikskólanna eða einhverju opnu svæði í bænum og fara í ýmsa leiki. Leikskólakennarar skipuleggja daginn að hausti og grunnskólakennarar daginn að vori.

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda og helstu verkefni. Stefnt skal að því að hvert leikskólubarn fari að minnsta kosti 4 sinnum í heimsókn í grunnskólann og hvert grunnskólubarn heimsæki 2 sinnum þann leikskóla sem það var á. Hentugur tími til þessara heimsókna er á tímabilinu frá 09:30 til 11:30. Í heimsóknum þessum ganga nemendur inn í það starf sem fyrir er á hverjum stað. Lagt er upp úr því að leikskólabornin skoði grunnskólann og kynnist bæði frímínútum og nestistímum. Auk þessara heimsókna er áætluð 1 heimsókn á hvorri önn í íþróttir. Nákvæmt skipulag þessara heimsókna þarf að taka mið af stærð leikskólahópsins og stærð 1. bekkja hverju sinni.

Sýning á árshátíðaratriðum. Leikskólahópunum er boðið nokkrum dögum fyrir árshátíð grunnskólans að horfa á atriði 1. bekkja á sal skólans. Við þetta tækifæri sýna leikskólahóparnir atriði sem þeir hafa æft.

Skólustjóraheimsókn. Að vori heimsækir hvor leikskóli skólustjóra og deildarstjóra yngsta stigs grunnskólans. Tekið er á móti hópunum á sal skólans, og er skipulag í höndum skólustjóra.

Skipulagsfundir / skilafundir

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 16. gr. segir m.a.: *“Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun.”*

Skilafundur 1. Að vori boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar (einn með hvorum leikskóla) vegna barna sem eru að hefja skólagöngu. Á fundinn eru boðaðir deildarstjórar elsta árgangs leikskóla, fulltrúi skólaskrifstofu og deildarstjóri á yngsta stigi. Á þessum fundi er blaðinu “Skólaskil frá leikskóla til grunnskóla” komið til skila ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum um einstaklinga.

Skilafundur 2. Í maí boðar fulltrúi skólaskrifstofu til skilafundar. Á fundinn mæta umsjónarkennari barnsins, deildarstjóri yngsta stigs, fulltrúi skólaskrifstofu, deildarstjóri sérkennslu, stuðningsfulltrúar af leikskólunum svo og deildarstjóri viðkomandi deildar leikskólanna. Fundurinn er fyrst og fremst til að fara yfir mál þeirra einstaklinga sem verið hafa með stuðning/íhlutun og þurfa á áframhaldandi stuðningi/ íhlutun að halda.

Skipulagsfundur. Eftir miðjan ágúst, áður en kennsla í grunnskólanum hefst, boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar með verkefnastjórum elstu árganga leikskólanna. Þar eru teknar ákvarðanir um hvernig samstarfi vetrarins verði háttað og skipulag varðandi það sett niður.

Skilafundur 3. Að hausti í lok september boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar með umsjónarkennurum 1. bekkja, deildarstjóra yngsta stigs og deildarstjórum elsta árgangs leikskólanna. Á þessum fundi gefst kennurum í 1. bekk tækifæri á að fá upplýsingar um þau börn sem þeir eru að kenna.

Samstarf - samvinna

Mikilvægt er að leik- og grunnskólakennarar þekki vel til hugmynda og vinnubragða hver annars. Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla segir m.a. að tengsl leikskóla og grunnskóla sé samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara þar sem barnið sé í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám

og starfsaðferðir hver annars. Skólarnir og skólaskrifstofan skipuleggja samstarfið og eru sameiginlegir starfsdagar m.a. notaðir í þetta samstarf.

Fagfundur 1. Í mars ár hvert boðar fulltrúi skólaskrifstofu til fundar til að ræða fagleg málefni sem stuðlar að samfelli í námi barna. Kallað er eftir hugmyndum af fundarefni tímalega fyrir hvern fund og/eða sendar út tillögur.

Fagfundur 2. Í október/nóvember ár hvert boðar fulltrúi skólaskrifstofu til fundar til að ræða fagleg málefni sem stuðlar að samfelli í námi barna. Kallað er eftir hugmyndum af fundarefni tímalega fyrir hvern fund og/eða sendar út tillögur. Fastur liður októberfundar eru niðurstöður skimana barna í 1. bekk grunnskóla.

Foreldrasamvinna / námskeið

Kynningafundur grunnskóla að vori. Deildarstjóri yngsta stigs og fulltrúi skólaskrifstofu skipuleggja að vori fund/heimsókn foreldra barna sem hefja eiga skólagöngu komandi haust. Markmið fundarins er að hitta hópinn, kynna skólann (húsnæði og leiksvæði) og benda á hvernig nýta má sumarið til að undirbúa börnin undir skólagönguna. Bekkjarlistar eru kynntir á þessum fundi.

Kynningafundir leik- og grunnskóla að hausti. Deildarstjórar í leikskólum og umsjónarkennarar 1. bekkja grunnskólans sjá um að kynna skipulag á samstarfi leikskóla og grunnskóla fyrir foreldrum á haustfundum skólanna.

Grindavík 26. febrúar 2015

Ásrún Helga Kristinsdóttir
grunnskólakennari
Bylgja Kristín Héðinsdóttir
leikskólakennari
Sigríður Guðlaugsdóttir
leikskólakennari
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer
leikskólakennari
Ragnhildur Birna Hauksdóttir
fulltrúi skólaskrifstofu